

Lög

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

1. gr.

Á undan orðinu „námubifreiðar“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: belta- og

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 3. og 4. másl. 1. mgr. B-liðar falla brott.

b. 2. mgr. B-liðar verður svohljóðandi:

Kílómetragjald ökutækja skv. 1. mgr. þessa staflíðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildar- þyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildar- þyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	7,11	18.000–18.999	17,09
5.000–5.999	7,56	19.000–19.999	18,40
6.000–6.999	8,17	20.000–20.999	19,38
7.000–7.999	8,58	21.000–21.999	20,50
8.000–8.999	8,96	22.000–22.999	21,79
9.000–9.999	9,36	23.000–23.999	22,83
10.000–10.999	9,93	24.000–24.999	23,86
11.000–11.999	10,30	25.000–25.999	25,02
12.000–12.999	11,20	26.000–26.999	26,13
13.000–13.999	12,00	27.000–27.999	27,30
14.000–14.999	12,93	28.000–28.999	28,46
15.000–15.999	13,92	29.000–29.999	29,62
16.000–16.999	15,03	30.000–30.999	30,78
17.000–17.999	16,12	31.000 og yfir	31,94

c. 3. mgr. B-liðar fellur brott.

d. 4. mgr. B-liðar fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „en eindagi síðasti dagur sama mánaðar“ í 2. másl. 1. mgr. A-liðar kemur nýr málslíður er orðast svo: Eindagar skattsins eru 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.

b. 5. másl. 1. mgr. A-liðar fellur brott.

c. Orðin „í a.m.k. 15 daga samfellt“ í 1. másl. 3. mgr. A-liðar falla brott.

d. Orðin „í jafnlangan tíma“ í 2. másl. 3. mgr. A-liðar falla brott.

- e. Í stað orðanna „er ríkisskattstjóra heimilt að“ í 3. málsl. 3. mgr. A-liðar kemur: skal ríkisskattstjóri.
- f. Í stað orðanna „en eindagi síðasti dagur sama mánaðar“ í 1. málsl. 1. mgr. B-liðar kemur nýr málslíður er orðast svo: Eindagar skattsins eru 15. mars, 15. júlí og 15. nóvember ár hvert.
- g. 3. málsl. 1. mgr. B-liðar fellur brott.
- h. 3. mgr. B-liðar fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „gjaldfallinn er“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: fallinn er í eindaga.
- b. Orðin „og fast gjald þungaskatts skv. B-lið 4. gr. greitt til þess dags er eigendaskipti eru skráð í ökutækjaskrá“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hinn 11. júní 2000 skal lagt 33.333 kr. fast árgjald þungaskatts á bifreiðar sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira, sbr. 3. málsl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. laganna eins og þau eru fyrir gildistöku laga þessara.

Ný gjaldskrá B-liðar 4. gr. tekur gildi 11. júní 2000. Nýja gjaldið fyrir hvern ekinn kílómetra tekur gildi strax að loknu öðru álestrartímabili sem er frá 20. maí til 10. júní 2000, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Þá skal hið nýja gjald innheimt eftir meðaltalsakstri eftir lok fyrgreinds álestrartímabils.

Peir sem sótt hafa um heimild til ríkisskattstjóra til að greiða gjald fyrir gjaldárið 2000 er tekur mið af 95.000 km akstri í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra auk 100.000 kr. fasts árgjalds, sbr. 4. mgr. B-liðar 4. gr., fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda rétti sínum til greiðslu áðurgreinds gjalds.

Samþykkt á Alþingi 27. apríl 2000.